



Alþingi
Erindi nr. P 133/742
komudagur 25.1.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð, 274 mál.

Félaginu Heyrnarhjálp hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð. Með þessu frumvarpi er aftur horfið til sérlaga, en s.l. 5 ár hafa lög stofnunarinnar fallið undir lög um heilbrigðisþjónustu. Við lítum svo á, að eftir sem áður, gildi ákvæði almennra laga um heilbrigðisþjónustu einnig um Heyrnar- og talmeinastöð, þó það komi ekki beint fram í þessu frumvarpi.

Félagið Heyrnarhjálp hefur áhyggjur af þeirri þróun sem sífellt veitir ráðherra í samráði við forstöðumenn heilbrigðisstofnana meira einhliða vald við framkvæmd og gjalddöku fyrir þá þjónustu sem er í boði. Við undirstrikum mikilvægi þess að dregið verði úr allri gjalddöku sem snertir fatlanir fólks. Enn fremur vill Félagið Heyrnarhjálp áréttta eftirfarandi:


Varðandi 4. grein: Við leggjum áherslu á að allar stefnumarkandi ákvarðanir varðandi þjónustu heilbrigðisstofnana fari ætíð fram í samráði við notendur þjónustunnar. Stofnunin er til vegna notendanna og með aðild að virku fagráði ættu áhrif þeirra að vera tryggð. Að gefnu tilefni er e.t.v. nauðsynlegt að setja inn ákvæði um að fagráð skuli koma saman a.m.k. nokkrum sinnum á ári.

Varðandi 5. grein og 6. grein. Kostnaður heyrnarskertra vegna fötlunar sinnar hefur á seinni árum aukist allt of mikið bæði vegna dýrari tækja og hlutfallslega minni niðurgreiðslna af hálfu hins opinbera. Tækninni hefur fleygt fram, ný, betri og dýrari hjálpartæki gjörbreyta möguleikum heyrnaskertra til virkni á vinnumarkaði og til þjóðfélagsþátttöku. Ný tækni verður að vera heyrnaskertum aðgengileg á sömu kjörum og nauðsynleg hjálpartæki bjóðast öðrum fötlunarhópum. Markmiðssetning heilbrigðislaga hlýtur því að kalla á meiri útgjöld ríkissjóðs fyrir þennan hóp sem og aðra. Það er þó þjóðhagslega hagkvæmt og skilar sér til baka í ríkiskassann í formi skatta og minni kostnaðar af heilbrigðari og virkari þegnum. Minnt skal einnig á að með hækkun meðalaldurs og vaxandi hávaða í samfélaginu fjölgar stöðugt í hópi heyrnaskertra.

Varðandi 7. grein: Á síðustu árum hafa einkaaðilar haslað sér völl á sviði heyrnarþjónustu með góðum árangri. Fjölbreytnin hefur aukist, biðlistar eftir mælingum og tækjum styst. Mat okkar er að samkeppnin hafi haft góð áhrif. Með hag notenda í fyrirrúmi hljótum við að styðja þátttöku einkaaðila á þessum markaði, því við viljum stuðla að víðtækari og jafnari þjónustumöguleikum í greininni. Tryggja þarf réttarstöðu notenda með skýrari hætti óháð því hvort þjónustan er veitt af ríkisstofnun eða einkaaðilum.

Lögin veita ráðherra mikið vald. Við setjum traust okkar á að valdinu verði beitt með hagsmuni neytenda að leiðarljósi og í fullu samráði við þá, því að neytendur þekkja þarfirnar öðrum betur og það er fyrir þá sem þessi stofnun starfar.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Félagins Heyrnarhjálpar,


Guðjón Lögvi Stefánsson, formaður


Málfríður Gunnarsdóttir, framkvstj.